



Fundur í sveitarstjórn

35. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu Þórshöfn fimmtudaginn 12. nóvember 2015 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Aneta Potrykus, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 378. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 23. október 2015.**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fjárhagsáætlun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga**
Lögð fram til kynningar.
Fram kemur að hækkun á framlögum milli ára nemi 11.25%.
- 3. Héraðsnefnd Þingeyinga – drög að stofnsamningi**
Lögð fram til kynningar
- 4. Mennta- og menningarmálaráðuneytið – eftirfylgni með úttekt lokið**
Lagt fram til kynningar
- 5. Landsbankinn – svarbréf vegna erindis Langanesbyggðar**
Lagt fram til kynningar.
- 6. Vegvísir í ferðapjónustu**
Lagt fram til kynningar og vísað til Atvinnu- og ferðamálanefndar.
- 7. Landgræðsla ríkisins – beiðni um fjárstuðning**
Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir beiðni um fjárstuðning upp á 50 þ.kr. og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.
Samþykkt samhljóða.
- 8. Snorrasjóður – beiðni um fjárstuðning**
Sveitarstjórn Langanesbyggðar sér sér ekki fært að verða við beiðninni.
Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

9. Greið leið – hlutafjár aukning

Sveitarstjórn Langanesbyggðar ætlar ekki að nýta sér forkaupsrétt sinn að svo stöddu. Samþykkt samhljóða.

10. Innsent erindi – kostnaðarpátttaka

Með tölvubréfi dags. 06.11.2015 var óskað eftir kostnaðarpátttöku sveitarfélagsins vegna girðingar sem þegar hefur verið sett upp á bæjunum Hallgilsstaðir I og II. Lagt er til að erindi ábúenda Hallgilsstaða I og II verði hafnað. Samþykkt samhljóða.

11. Innsent erindi – álagning fasteignagjalda 2014-2015

Sveitarstjórn hafnar erindinu og sveitarstjóra falið að svara því. Samþykkt samhljóða.

12. Innsent erindi – álagning fasteignagjalda 2009-2015

Sveitarstjórn hafnar erindinu og sveitarstjóra falið að svara því. Samþykkt samhljóða.

13. Tækifærisleyfi – beiðni um umsögn

Óskað hefur verið eftir tækifærisleyfi í tengslum við jólamarkað Þórshöfn. Sveitarstjórn Langanesbyggðar gerir ekki athugasemdir við veitingu leyfisins. Samþykkt samhljóða.

14. Beiðni um afhendingu gagna.

Oddviti fór yfir bréf er barst þann 12. október 2015 og svarbréf Langanesbyggðar. Sveitarstjóra og oddvita falið að senda svarbréf til bréfitara.

Samþykkt samhljóða.

15. EFS – Fjárhagsáætlun, viðaukar og samanburður. Svarbréf.

Sveitarstjóri fór yfir bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og svarbréf sveitarstjórnar Langanesbyggðar við því. Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá bréfinu og senda. Samþykkt samhljóða.

16. Forvarnarstefna – skýrsla og næstu skref stýrihóps

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti það sem gerst hefur frá síðasta fundi sveitarstjórnar. Ingvar og Jakob voru hér í síðustu viku og funduðu með mörgum aðilum í tengslum við gerð forvarnarstefnu Langanesbyggðar. Leggja þeir til að stofnaður verði stýrihópur sem myndi vinna með sérfræðingum. Í stýrihópnum verði formaður velferðarnefndar, formaður íþrótt- og tómsbundanefndar, formaður fræðslunefndar, umsjónarmaður framhaldsdeildar á Þórshöfn, skólastjórar í Langanesbyggð og aðili frá skrifstofu Langanesbyggðar.

LANGANESBYGGÐ

Samþykkt samhljóða.



17. Þak á íþróttamiðstöð Þórshöfn

Sveitarstjóra falið að fá mat fagaðila á kostnaði við nauðsynlegar lagfæringar á þakinu og leggja fyrir svo fljótt sem verða má.

Samþykkt samhljóða

18. Nýbygging leikskóla – fyrirspurnir frá L-lista

a. Hver er staðan á verkefninu í dag?

Verið er að vinna að hönnun á leikskóla og tengingu við grunnskóla og er sú vinna komin vel áleiðis. Aðrir skólar hafa verið skoðaðir, fundað hefur verið með arkitekt og verkefnisstjóra. Einnig hafa verið haldnir vinnufundir um verkefnið.

b. Hvenær áætlar meirihluti að framkvæmdir hefjist?

Það er ekki vitað í dag hvenær framkvæmdir geta hafist en stefnan er að það verði á næsta ári.

Bókun frá L-lista

Þann 20. júlí síðastliðinn var Helgi Geirharðsson ráðinn sem verkefnastjóri yfir verkefninu. Í ágúst kom hann til Þórshafnar til þess að kynna sér verkefnið og funda með aðilum sem koma að málinu. Við erum ósátt við að hafa ekki verið upplýst um ferð hans til Þórshafnar, fengið tækifæri til þess að sitja fund með honum og koma okkar hugmyndum á framfæri. Í ljósi þessa sem og mikilla stefnubreytinga í byggingaráætlun nýs leikskóla óskar L-listinn eftir því að vera betur upplýstur um stöðu verkefnisins í framtíðinni.

Bókun frá meirihluta

Meirihlutinn vill í ljósi bókunar frá L – lista vísa í bókun við lið nr. 20 í fundargerð 32. fundar sveitarstjórnar Langanesbyggðar frá 21. september 2015.

19. Samgöngur milli Þórshafnar og Bakkafjarðar – fyrirspurn á Alþingi

Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir svar innanríkisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller varðandi veg á Brekknaheiði og Langanesströnd. Umræða fór fram um mögulega leiðir, ákveðið að kynna sér málið frekar og taka fyrir fljótlega aftur.

20. Rekstraruppgjör janúar til september

Sveitarstjóri fór yfir rekstraruppgjör janúar til september og launauppgjör janúar til október.

21. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri kynnti skýrslu sína.

Mennta- og menningamálaráðuneytið sendi bréf vegna skólaaksturs og því verið



LANGANESBYGGÐ

svarað.

Verið er að vinna í málum dvalarheimilis aldraðra og skoða reksturinn frá sem flestum hliðum.

Búið er að laga hitakerfi í Grunnskólanum á Bakkafirði.

Verið er að setja upp innsiglingarljós í höfninni á Bakkafirði.

Verið er að vinna í byggðakvótamálum og frekari upplýsinga að vænta fljótlega af þeim.

22. Trúnaðarfundur – fræðslumál

Fundi lokað og trúnaðarfundur settur.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl.20:01